

Viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum

Landsmót ÆSKP

Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar



EFNISYFIRLIT

1. Inngangur
 - a. Viðbragðsteymi landsmóts
 - b. Viðbragðsteymi á mótsstað
2. Matareitrun/hópveikindi
3. Eldur
4. Veður
5. Náttúruhamfarir
6. Alvarleg veikindi og/eða slys á börnum
 - a. Umferðarslys á leið á/af landsmóti.
7. Andlát á mótinu
 - a. Áföll/andlát tengd aðstandendum barna á mótinu
8. Ofbeldi á mótinu
 - a. Líkamlegt ofbeldi
 - b. Einelti
 - c. Kynferðislegt ofbeldi
 - d. Vanræksla
9. Langvinn veikindi barna
 - a. Bráðaofnæmi
 - b. Sykursýki
 - c. Flogaveiki/krampi
 - d. Astmi
10. Samskipti við fjölmiðla og fl.
11. Símanúmer

1. INNGANGUR

Viðbragðsáætlun þessi tekur til landsmóts ÆSKÞ sem haldið er í lok október á hverju ári. Þó svo að hér sé verið að fjalla um málefni unglinga þá viljum við til einföldunar nota orðið **barn** yfir alla á aldrinum 13-18 ára. Orðið **leiðtogi** verður hér eftir notað um alla þá sem koma að þeim æskulýðsfélögum sem sækja landsmót ÆSKÞ það er leiðtoga, sjálfboðaliða, presta, djákna, foreldra, aðstoðarmenn og æskulýðsfulltrúa.

Viðbragðsteymi landsmóts ÆSKÞ samanstendur af landsmótsstjóra, landsmótsnefnd, framkvæmdastjóra ÆSKÞ og formanni ÆSKÞ.

Þessi viðbragðsáætlun tekur einungis á þeim þáttum sem upp geta komið á landsmóti ÆSKÞ. Hér má finna fyrstu viðbrögð við ýmsum óvæntum atburðum sem geta hent á svo stóru móti sem landsmót er.

Hér er hvorki fjallað um einkenni sorgar né einkenni sjúkdóma. Bent skal á að hægt er að finna slíkar upplýsingar í bókum, á veraldarvefnum o.s.frv.

Þessi viðbragðsáætlun er staðfærð og byggð á áætlun sem ÍSÍ tók saman. Þökkum þeim fyrir góðfúslegt leyfi til að notast við hana í þessari vinnu.

1.a VIÐBRAGÐSTEYMI LANDSMÓTS

Ef upp koma óvæntir atburðir á landsmóti ÆSKÞ sem varða öryggi og/eða heilsu barns eða leiðtoga á mótinu skal fylgja þeim vinnureglum sem hér fara á eftir í réttri röð:

- Ef um neyðartilfelli er að ræða skal umsvifalaust hringja í Neyðarlínuna, símanúmerið þar er: 1-1-2.
- Hafa strax samband við viðbragðsteymi landsmóts.
- Í samráði við viðbragðsteymi skal ákveða næstu skref.

Mikilvæg símanúmer:

- Neyðarlínan: 1 – 1 – 2
- Framkvæmdastjóri: 845-8020//661-8485 (Jónína Sif Eypórsdóttir)
- Landsmótsstjóri: 844-5858 (Óskar Ingi Ingason)

1.b VIÐBRAGÐSTEYMI Á MÓTSSTAÐ

Landsmótsnefnd er alltaf í samstarfi við sjúkrahús og lögreglu á þeim stað sem mótið er haldið hverju sinni.

Mikilvæg símanúmer:

- Neyðarlínan: 1 – 1 – 2
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands í Ólafsvík: 432-1360
- Læknavaktin: 1770
- Lögreglan á Grundarfirði: 444-0300

2. MATAREITRUN/HÓPVEIKINDI

Hér er átt við ef matareitrun kemur upp á landsmóti ÆSKÞ og/eða ef upp koma hópveikindi sem þarf að bregðast við.

Matareitrun

- Ef um alvarleg einkenni er að ræða skal tafarlaust leita læknis.
- Tilkynna viðbragðsteymi ef grunur leikur á matareitrun.
- Ef grunur er um að uppruni matareitrunarinnar sé tengdur mat og/eða drykk á landsmóti skal hafa samband við viðkomandi heilbrigðiseftirlit og tilkynna málið.
- Varðveita skal, ef hægt er, matar og drykkjarleifar af þeim mat/drykk sem talinn er sýktur.
- Viðbragðsteymi sér til þess í samvinnu við leiðtoga að þeir sem finna fyrir einkennum fái viðeigandi aðstoð.
- Viðbragðsteymi tekur í kjölfarið ákvörðun um frekari aðgerðir og upplýsir leiðtoga um stöðuna á leiðtogafundi.

Hópveikindi

- Ef um alvarleg einkenni er að ræða skal tafarlaust leita læknis.
- Tilkynna viðbragðsteymi ef grunur leikur á hópveikindum.
- Landsmótsstjóri hefur samband við lækni og fær ráðleggingar um hvað skuli gera.
- Ef einangraður hópur barna/leiðtoga hefur smitast skal koma þeim fyrir í merktum sjúkrahverbergjum til að fyrirbyggja frekara smit.
- Handþvottur er öflugasta vörnin í baráttunni við smitpestir. Brýna þarf fyrir börnum og leiðtogum að þvo hendur og nota handspritt.
- Ef smitpest er alvarleg (sbr.svínaflensa) taka landsmótsstjóri, landsmótssnefnd og framkvæmdastjóri ákvörðun um viðeigandi viðbrögð í samráði við sóttvarnarlækni og tilkynna leiðtogum um slíkt á leiðtogafundi.

3. ELDUR

Hér er átt við ef elds verður vart í húsnæði landsmóts (íþróttahús, skóli, kirkja, félagsheimili, sundlaug). Landsmótsstjóri upplýsir alla leiðtoga á fyrsta leiðtogafundi um rýmingaráætlanir í því húsnæði sem notað er á mótinu. Í öllum tilvikum er ákveðinn söfnunarstaður þar sem börnum, leiðtogum og öðru starfsfólki er safnað saman.

Hvað skal gera ef elds verður vart?

- Hringja í 1 – 1 – 2
- Rýma húsnæði samkvæmt rýmingaráætlun. Leiðtogar fylgja sínu félagi.
- Börn og leiðtogar komi saman á söfnunarstað. Mikilvægt að félög séu aðskilin á söfnunarstað svo auðvelt sé að telja.
- Leiðtogar nálgist nafnalista síns félags hjá fulltrúa landsmótsnefndar á söfnunarstað.
- Leiðtogar telja sinn hóp og gangi úr skugga um að allir séu komnir út. Athugið að telja líka leiðtogana.
- Aldrei skal fara aftur inn í húsnæði ef grunur leikur á að um eld sé að ræða.
- Leiðtogi 0 sér um að telja sjálfboðaliðahóp.
- Landsmótsstjóri telur landsmótsnefnd.
- Ef leiðtogi verður þess var að einhvern vantar í hópinn skal koma þeim upplýsingum hratt og örugglega til landsmótsstjóra.
- Landsmótsstjóri/framkvæmdastjóri sér um samskipti við slökkvilið/lögreglu.
- Landsmótsstjóri afhendir slökkviliði/lögreglu lista yfir þáttakendur sé þess óskað. Listinn er aðgengilegur á vefslóðinni:
<http://skraning.aeskth.is/neydarlisti>. Lykilorð: eldur.

Næstu skref:

- Ef flytja þarf börn á sjúkrahús þarf leiðtogi að fara með. Fylgja skal gátlista um alvarlega veikindi og/eða slys.
- Finna skal húsnæði til að safna hópnum saman. Það getur verið skóli, kirkja, íþróttahús, félagsheimili eða annað.
- Ræða við og róa hópinn.
- Viðbragðsteymi tekur ákvörðun um framhaldið.
- Þegar ákvörðun liggur fyrir þarf að koma tilkynningu um hana til leiðtoga á leiðtogafundi og einnig á www.aeskth.is.

4. VEÐUR

Hér er átt við ef t.d.vegir verða ófærir vegna hálfu/veðurs og framlengja þarf mótinu.

- Viðbragðsteymi tekur ákvörðun um kyrrsetningu.
- Landsmótsstjóri tilkynnir leiðtogum um kyrrsetningu á leiðtogafundi.
- Þátttakendum er safnað saman og þeim tilkynnt um kyrrsetningu.
- Setja skal tilkynningu um kyrrsetningu inn á www.aeskth.is og hafa samband við foreldra í gegnum sms.
- Landsmótsstjóri hefur samband við rútufyrirtæki og endurskipuleggur rútufærðir.
- Viðbragðsteymi tekur ákvörðun um næstu skref, afþreyingu, mat og gistingu fram að heimferð.

5. NÁTTÚRUHAMFARIR

Jarðskjálftar

- Starfsmenn komi börnunum út í horn, undir borð eða í næstu dyragætt og láta þau KRJÚPA, SKÝLA sér með annarri hendinni og HALDA sér í gólf, borðfót eða dyrakarm.
- Varast þung húsgögn og hluti sem detta úr skápum og hillum.
- Halda börnunum fjarri stórum rúðum sem geta brotnað.
- Við jarðskjálfta geta hlutar úr byggingunni brotnað af. Haldið ykkur fjarri þeim stöðum í húsinu þar sem hætta er á hrynjandi byggingahlutum.

Eldgos

- Vegna hættu á eldingum á að aftengja öll rafmagnstæki þegar gosmökk leggur yfir byggð. Forðast skal að nota síma.
- Byrgið glugga sem snúa að eldstöð meðan gos varir og lokið fyrir reykháfa vegna gjóskufalls.
- Viðbragðsteymi fylgist með öskufallsspám og er í nánú sambandi við viðbragðsteymi á mótsstað.

Fárviðri

- Það telst fárviðri þegar vindhraði hefur náð 33 m/sek, sem jafngildir 64 hnútum (12 vindstig).
- Ef Veðurstofa Íslands varar við veðri, skal taka það alvarlega. Hlustið á tilkynningar og/eða viðvaranir sem kunna að vera gefnar.
- Dveljið innandyra meðan fárviðri geysar.
- Látið börn ekki vera undir gluggum ef hætta er á fárviðri.
- Heftið fok lausra muna.
- Fullvissið ykkur um að öllum gluggum og hurðum sé tryggilega lokað.

Ef náttúruhamfarir verða tekur viðbragðsteymi ákvörðun um hvaða ráðstafanir verði gerðar. Ef slys verða á barni eða leiðtoga skal fylgja leiðbeiningum um alvarleg veikindi og/eða slys. Leiðtogar verða upplýstir um stöðu mála og næstu skref á leiðtogafundi.

Tilkynning skal sett inn á www.aesktth.is og sms send á foreldra til að láta vita af stöðunni.

6. ALVARLEG VEIKINDI/SLYS

- Hringja strax í 1 – 1 – 2
- Kanna áverka og veita fyrstu hjálp samkvæmt leiðbeiningum frá Neyðarlínu.
- Gera viðbragðsteymi viðvart um málið.
- Fjarlægja önnur börn af staðnum ef hægt er.
- Hafa samband við foreldra/forráðamenn og greina þeim frá atburðinum á hlutlausan og nærgætinn hátt. Leitast skal við að svara spurningum á eins nákvæman hátt og kostur er.
- Ef um lífshættulega áverka eða meðvitundarleysi er að ræða skal óska eftir aðstoð starfsmanna á slysadeild við að láta foreldra viðkomandi barns vita af slysinu.
- Leiðtogi fylgir barni á slysadeild með sjúkrabíl og er hjá barninu þangað til foreldrar eru komnir á staðinn.
- Mikilvægt að leiðtogar haldi ró sinni og hugi að því að ekki skapist ringulreið hjá þeim börnum sem vitni urðu að atburðinum.
- Leiðtogar sem eru á staðnum sinni þeim börnum sem urðu vitni að atburðinum. Bent er hér sérstaklega á þann hóp sem sér um Hvíslhornið.
- Ef um lífshættulega áverka eða meðvitundarleysi er að ræða:
 - Kalla til viðbragðsteymi sem hefur samband við foreldra/forráðamenn þeirra barna sem voru á staðnum ef þurfa þykir.
 - Landsmótsstjóri er í sambandi við þann leiðtoga sem fylgdi barni á sjúkrahús og fær upplýsingar um líðan barnsins.
 - Veita þeim sem þurfa áfallahjálp.
 - Þegar búið er að koma barni undir læknishendur og hlúa að þeim sem urðu vitni að atburðinum eru leiðtogar upplýstir um stöðuna eftir því sem þurfa þykir.
- Gera skýrslu um atburðinn og skrifa niður hvernig brugðist var við svo hægt sé að læra af því.

6.a Umferðarslys á leið á/frá landsmóti

Börn sem koma á landsmót ferðast til og frá mótsstað í hópferðabílum. Hér er átt við ef hópferðabílar með þátttakendur og/eða leiðtoga innanborðs lenda í umferðarslysi.

Verði umferðarslys á leið á/frá landsmóti þarf að kalla til viðbragðsteymi sem setur sig í samband við lögreglu og sjúkrahús eftir því sem þörf er á.

- Ganga úr skugga um að búið sé að hringja á 1 – 1 – 2
- Viðbragðsteymi fær upplýsingar frá leiðtogum um borð í rútunni og/eða lögreglu og sjúkraflutningamönnum.
- Viðbragðsteymi hefur samband við foreldra/forráðamenn þeirra barna sem eru í rútunni eru óveruleg eða minniháttar.
- Ef slys verða á börnum og/eða leiðtogum sem eru af lífshættulegum toga skal leita aðstoðar starfsfólks slysadeildar við að hafa samband við foreldra/forráðamenn.
- Ef andlát verður við umferðarslys skal leita aðstoðar starfsfólks slysadeildar við að hafa samband við foreldra/forráðamenn.
- Fylgja skal gátlista um alvarleg veikindi/slys og gátlista um andlát á mótinu.

7. ANDLÁT BARNS/LEIÐTOGA Á MÓTINU

- Hringja strax í 1 – 1 – 2
- Starfsfólk á slysadeild tekur við málinu og hefur samband við foreldra/forráðamenn. Tilkynna sérstaklega ef grunur leikur á sjálfsvígi.
- Tilkynna viðbragðsteymi strax um það sem gerst hefur.
- Leiðtogar verða eftir á slysstað til að sinna öðrum börnum.
- Landsmótsstjóri kallar til leiðtogafundar þar sem leiðtogum er tilkynnt um andlátíð og næstu skref.
- Ákveða hvernig best er að segja þátttakendum á mótinu tíðindin og veita þeim áfallahjálp og stuðning.
- Mikilvægt að leiðtogar haldi ró sinni í návist barnanna og séu til staðar fyrir þau.
- Mikilvægt að enginn fari heim af mótinu án þess að foreldrar/forráðamenn viti hvað gerðist.
- Gera skýrslu um atburðinn og skrifa niður hvernig brugðist var við svo hægt sé að læra af því.
- Sýna hluttekningu á nærgætinn hátt með því að senda samúðarkveðju til aðstandenda hins láta og/eða fara í heimsókn. (Á viðeigandi tíma).

7.a Áföll/andlát tengd aðstandendum barna á mótinu

Hér er átt við skyndilegt andlát eða áföll sem aðstandendur þátttakenda lenda í á meðan á mótinu stendur. Viðbrögð við slíkum áföllum verða í höndum leiðtoga (djákna, presta) í viðkomandi kirkju en eftirfarandi þarf að hafa í huga:

- Líðan barnsins og umgengni við það í starfinu.
- Samskiptum og upplýsingaflæði starfsstaðarins við heimili barnsins.
- Hvernig/hvort á að upplýsa hin börnin.
- Halda ró sinni og gera ekki of mikið úr aðstæðum ef ekki er ástæða til.

8. OÐFBELDI Á MÓTINU

Hér er átt við ofbeldi sem beitt er á mótinu. Undir þetta má telja:

- a. Líkamlegt ofbeldi.
- b. Einelti.
- c. Kynferðislegt ofbeldi.
- d. Vanræksla.

8.a Líkamlegt ofbeldi

Ef barn eða leiðtogi beitir líkamlegu ofbeldi á mótinu þarf að bregðast við.

- Stöðva ofbeldið/slagsmálin ef leiðtogar treysta sér til annars leita aðstoðar lögreglu.
- Ef barn eða leiðtogi slasast þarf að hringja í 1 – 1 – 2 eða leita aðstoðar læknis.
- Þurfi að kalla til sjúkrabíl v.barns þá þarf leiðtogi að fara með. Fylgja skal gátlista varðandi alvarleg veikindi/slys.
- Ef önnur börn verða vitni að ofbeldinu eru mikilvægt að leiðtogar komi þeim á öruggan stað og hlúi að þeim.
- Mikilvægt að halda ró sinni og gera ekki meira úr hlutunum en ástæða er til.
- Upplýsa viðbragðsteymi um málið.
- Ef barn beitir annað barn alvarlegu ofbeldi skal tilkynna það til barnaverndaryfirvalda.
- Ef málið er alvarlegs eðlis kallar landsmótsstjóri til fundar með leiðtogum geranda og tekin er ákvörðun hvað sé rétt að gera.
- Leiðtogum gert viðvart um málið á leiðtogafundi.

8.b Einelti

Einelti fer hljótt og erfitt getur reynst að koma auga á það á landsmóti þar sem mikið er um að vera. Leiðtogar þurfa þó alltaf að vera á varðbergi og vera vakandi fyrir liðan barnanna. Ef upp kemur eineltismál sem leiðtogi viðkomandi barns metur sem svo að bregðast þurfi við skal gera það á viðeigandi hátt. Mikilvægt upplýsa landsmótsstjóra um málið ef leiðtogi telur þörf á því.

8.c Kynferðislegt ofbeldi

Hér er átt við ef í ljós kemur að barn/leiðtogi á landsmóti hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi á meðan á mótinu stendur. Bregðast þarf við, jafnvel þótt að einungis sé um grun að ræða.

- Leiðtogi hlúi að þeim sem hefur orðið fyrir ofbeldinu og komi viðkomandi á öruggan stað.
- Hringja í 1 – 1 – 2 ef þörf er á. Mikilvægt er að koma þolanda undir læknishendur sem fyrst.
- Tilkynna málið á rétta staði.
- Tilkynna viðbragðsteymi um málið eins fljótt og kostur er.

- Í samráði við rétt yfirvöld skal tekin ákvörðun varðandi geranda sé hann þekktur.
- Mikilvægt að vinna málið með fagfólki.
- Leiðtogar haldi ró sinni og passi að ekki myndist hræðsla eða skelfing innan hópsins.
- Leiðtogar upplýstir um gang mála á leiðtogafundi.

8.d Vanræksla eða annað ofbeldi gegn börnum

Þar sem landsmót er aðeins ein helgi er ekki víst að leiðtogar verði varir við afleiðingar ofbeldis af þessu tagi. Þó þurfa leiðtogar allaf að vera vakandi fyrir líðan barnanna. Ef grunur leikur á að barn á mótinu sé vanrækt og/eða beitt ofbeldi heima fyrir eða í sínu nánasta umhverfi þarf að bregðast við því.

Ef barn á mótinu trúir leiðtoga fyrir því að það sé beitt ofbeldi heima fyrir eða í sínu nánasta umhverfi þá ber leiðtoga lagaleg skylda til að tilkynna slíkt eftir réttum leiðum og bregðast við.

- Leiðtoga sem grunar að barn sé vanrækt eða beitt ofbeldi ber að láta sinn yfirmann (prest,djákna) vita.
- Málið skoðað nánar og viðbrögð ákveðin eins fljótt og auðið er.
- Samráð við foreldra*.
- Samráð við viðbragðsteymi.

*Ef grunur leikur á að foreldrar beiti börn ofbeldi er málið tilkynnt til barnaverndaryfirvalda án þess að hafa samráð við foreldra. Hlutverk barnaverndaryfirvalda er að kanna mál barnsins.

9. LANGVINN VEIKINDI BARNS

Hér er átt við ef barn á mótinu á við einhverskonar langvinn veikindi að stríða. Hér eru aðeins nefnd örfá dæmi. Ef barn á mótinu stríðir við langvinnan sjúkdóm skulu viðkomandi leiðtogar upplýsa landsmótsnefnd sem og aðra leiðtoga um veikindin ef þess er þörf.

9.a Bráðaofnæmi

Algeng einkenni bráðaofnæmis eru andnauð, útbrot og lost. Einstaklingur í losti þarf að komast sem allra fyrst undir læknishendur, hringja á 1 – 1 – 2 og nota EPI penna (bráðasprautu/adrenalínsprautu) ef hann er til staðar. Ef starfsmaður sér að barn er að fá lost er hægt að draga úr eða afstýra lostinu með eftirfarandi aðgerðum:

- Hringja í 1 – 1 - 2
- Leggja einstaklinginn niður og snúa höfðinu til hliðar.
- Losa um fatnað sem gæti þrengt að öndunarferum.
- Setja herra undir fætur.
- Koma í veg fyrir hitatap með því að breiða yfir einstaklinginn.
- Ekki gefa næringu.
- Hlúa að viðkomandi eftir föngum og ef einstaklingur er meðvitundarlaus á að leggja hann á hliðina (í læsta hliðarlegu).

9.b Sykursýki

Brugðist við blóðsykurfalli með eftirfarandi aðgerðum:

- Gefa viðkomandi strax kolvetni, t.d.:
 - Glas af mjólk og brauðsneið, 2-3 sykursmola leysta upp í vatni og brauðsneið, gosdrykk/ávaxtasafa og brauðsneið.
- Ef einkenni hverfa ekki á 5-10 mínútum skal hringt á 1 – 1 – 2 eða ef leiðtogi er í einhverjum vafa.
- Aldrei má yfirgefa einstakling með sykurfallseinkennum.

9.c Flogaveiki/krampi

- Mjög mikilvægt að leiðtogar þekki einkennum flogakasts hjá flogaveiku barni og fái upplýsingar um viðbrögð frá foreldrum.
- Við flog þarf að koma barninu í rólegar aðstæður þar sem barnið getur jafnað sig.
- Ef floginu fylgir krampi skal fylgja eftirfarandi ferli:
 - Ekki reyna að flytja barnið á meðan á krampa stendur og ekki í 10 mín eftir að krampa líkur.
 - Halda ró sinni.
 - Losa um fót sem gætu þrengt að öndunarvegi.
 - Reyna að fyrirbyggja meiðsl.
 - Ekki setja neitt upp í munn einstaklings með krampa.
 - Hlúa að viðkomandi og leggja á hliðina.

- Ekki má yfirgefa einstakling sem hefur fengið krampa fyrr en hann hefur náð fullri meðvitund.

Hringja á 1 – 1 – 2 ef:

- Krampi stendur lengur en 5 mínútur.
- Leiðtogar vita ekki af hverju krampinn stafar, t.d ef flogaveiki er ekki þekkt hjá barninu.
- Annar krampi fylgir í kjölfarið.
- Einstaklingur kemst ekki til meðvitundar eftir að kippirnir hætta.
- Einstaklingur fær krampa í vatni.
- Ef leiðtogi er í einhverjum vafa.

9.d Astmi

Brugðist við astmakasti með eftirfarandi aðgerðum:

- Gefa innúðalyf.
- Róa viðkomandi og koma honum í rólegt umhverfi.
- Hlúa að viðkomandi, t.d. hjálpa honum að sitja uppi og láta hann anda að sér fersku lofti eða hvað annað sem viðkomandi finnst vera hjálp í.

Hringja skal á 1 – 1 – 2 ef einstaklingur:

- Á í verulegri andnauð.
- Er föllur og þvalur.
- Er blár í andliti og á vörum.
- Leiðtogi er í vafa.

Í tilfelli þeirra veikinda sem list er hér að ofan skal fylgja gátlista um alvarleg veikindi/slys.

10. SAMSKIPTI VIÐ FJÖLMIÐLA

Hér er átt við viðbrögð leiðtoga og mótsnefndar ef fjölmiðlar sýna atburðinum áhuga og vilja nálgast frekari upplýsingar hjá leiðtogum/börnum sem urðu vitni að eða búa yfir upplýsingum um atburðinn.

- Formaður/framkvæmdastjóri/landsmótsstjóri er eini tengiliður við fjölmiðla. Aðrir vísa á hann varðandi allar upplýsingar.
- Formaður/framkvæmdastjóri/landsmótsstjóri kynnir sér aðstæður og undirbýr sig vel fyrir viðtöl. Hann biður um að fá að hringja síðar ef hann þarf meiri tíma til að skoða málið.
- Mikilvægt er að formaður/framkvæmdastjóri/landsmótsstjóri sé kominn með rétta mynd af atburðinum og viðbrögðum við honum áður en hann tjáir sig um málið við fjölmiðla.
- Áður en talað er við fjölmiðla þarf að ganga úr skugga um að búið sé að hafa sambandi við aðstandendur og málið sé komið í farveg.
- Æskilegt er að allar upplýsingar sem fjölmiðlum eru gefnar varðandi þá sem lenda í áfallinu séu bornar undir aðstandendur áður.
- Mjög mikilvæg að leiðtogar haldi þagnarheit og trúnað sinn við þá sem lenda í áfalli.

Hafa ber í huga að í kjölfar óvæntra atburða er mikilvægt að viðbragðsteymi vinni fljótt og örugglega.

Börn á mótinu eru mörg hver með nettengda farsíma þar sem þau geta á mjög stuttum tíma sett inn stöðufærslur og fréttir á Facebook. Viðbragðsteymi vill vera búið að ná sambandi við þá sem hlut eiga að máli ef óvæntir atburðir verða á landsmóti.